

### GREINARGERÐ

**INNGANGUR:** Deiliskipulag þetta tekur til áningarstaðar fyrir ferðafólk við Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal. Skipulagssvæðið er skammt norðan Búrfellsvirkjunar, undir hlíðum Skeljafélis og Sámsstaðamúla, austan Fossár. Aðkoma að svæðinu er af Þjórsárdalsvegi. Skipulagssvæðið er innan Þjóðlendumarka og um það gilda Þjóðlendulög 58/1998.

Svæðið er vinsæll áningastaður ferðamanna sem leið sína leggja um Þjórsárdal. Þjóðveldisbærinn var byggður árið 1977 og var grunnflötur minjanna að Stöng hóf sem fyrirmynd. Yfirbyggingin er tilgátuhús og sömuleiðis Skeljastaðakirkja sem var byggð við hlíð bæjarins árið 2000. Innan lóðamarka er jafnframt niðurgrafið salernishús (merkt Vs á uppdraetti).

Innan skipulagssvæðisins er tveggja hektara verzlunar- og þjónustuvæði. Ekki er til staðar eldra deiliskipulag fyrir svæðið. Markmiðið með gerð þessa deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Innan skipulagsins eru afmarkaðar tvær lóðir og byggingareitur fyrir þjónustuhús. Skipulagssvæðið er um 6.7 hektarar að stærð og er innan þess gert ráð fyrir nýrri aðkomu. Skipulagsmörk Búrfellsvirkjunar (LV) eru skammt undan, merkt inn á yfirlitsmynd 1.

Þjóðveldisbærinn stendur á flötum palli í um 170 metra hæð yfir sjávarmáli. Bílastæði gesta og reitur fyrir þjónustuhús standa um 15 metrum neðar eða í um 155 metra hæð. Öflug landgræðsla hefur farið fram á svæðinu og í nágrenni þess síðan á virkjunartíma Búrfells. Gróðurskánin er þunn og stutt ofan á hekluvikur. Blómlegar lúpínubreiður skryða hlíðar Sámsstaðamúla á sumrin og birki og víðikjar er í framför.

Ekki er innan svæðisins að finna viðkvæmar vistgerðir samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Ekki eru innan svæðisins vistgerðir eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd 60/2013. Svæðið er utan friðlýsingar landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal (sjá mörk á yfirlitsmynd 1).

**FORNMINJAR:** Skipulagssvæðið er innan svæðis sem friðlýst var af Mennta- og Menningarmálaráðherra samkvæmt tillögu Minjastofnunar þann 14.10.2020. Friðunin nær yfir menningarlandslag Þjórsárdals með það að markmiði að „standa vörð um þau menningarsögulegu verðmæti sem felast í menningarlandslagi Þjórsárdals“. Friðlýsingarmörk koma fram á yfirlitsmynd 3 sem fengin er úr viðauka auglýsingar um friðlýsingu.

**Aðalskráning forminja** hefur farið fram í dalnum (Fornleifastofnun Íslands FS831-18231). Einnig hefur farið fram skráning forminja úr lofti í Þjórsárdal (Fornleifastofnun Íslands FS716-18101). Innan svæðisins eru minjar sem taldar eru vera leifar af bæjarstæði Hjalta Skeggjasonar, Skeljastaðir. Minjarnar voru friðlýstar 07.09.1927. Minjarnar eru merktar á uppdraetti hér og 100 metra breitt friðað svæði umhverfis þær. Ekki er heimilt að hrófla við ofangreindum minjum né öðrum sem kunna að koma í ljós við framkvæmdir innan svæðisins nema í samráði við minjavörð Suðurlands samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

### SAMRÆMI VIÐ FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR:

**Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029:** Skeljafélisland er skilgreint sem öbyggt svæði. Þjóðveldisbærinn er skilgreindur á reit fyrir verzlun- og þjónustu, auðkenndur Vp22. Fram kemur: *Gert er ráð fyrir viðhaldi núverandi mannvirkja og byggingu á minniháttar gistiástöðu fyrir allt að 20 gesti. Gisting er fyrst og fremst hugsuð í tengslum við gönguleiðir um Þjórsárdal. Þjórsárdalurinn er jafnframt undir hverfisvernd í aðalskipulagi og er skipulagssvæðið hér á jaðri þess. Tilgangur verndarinnar er meðal annars að vernda landslagsheld og einstök náttúrufrýrbæri. Þar segir: Mannvirkjagerð vegna útivistar og ferðabjónustu er almennt heimil og stuðlað verði að bættu aðgengi að áhugaverðum stöðum.*

**Rammaskipulag fyrir Þjórsárdal - Útivist og ferðabjónustu. Staðfest 2014:** Þar segir um þjónustuvæði ferðamanna: *Þjónustuvæði verði eflað og þau anní þeim fjölda ferðamanna sem er á svæðinu. Stuðla að lengingu ferðamannatímabilsins og um leið bættum rekstrargrundvelli þjónustuvæða. Bætt skipulag minnkar átröðning á viðkvæmum svæðum og dreifir álagi. Útlit mannvirkja verði vandað og eftir atvikum samræmt á öllu svæðinu.*

### UMHVERFISSKÝRSLA:

Deiliskipulag þetta fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 líkt og aðrar skipulagsáætlanir. Ekki er um að ræða tilkynningarkylda framkvæmd samkvæmt 1. viðauka laganna, sbr. lið a. grein 2 um gildissvið laganna. Áhrif af uppbyggingu svæðisins eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið þar sem stuðlað er að fjölgun ferðamanna og aukinni þjónustu/atvinnu í samfélaginu samfara því. Skipulag svæðisins raskar ekki sérstæðum jarðmyndunum, gróðri, dýralífi eða ósnortnum víðernum. Sjónræn áhrif vegna uppbyggingar mannvirkja eru óumflýjanleg en staðsetning og útlit mannvirkja verða hönnuð með það að markmiði að rýra ekki upplifun gesta sem sækja staðinn heim. Bygging þjónustuhúss stuðlar að betri umgengni gesta og veitir aukna þjónustu

### SKILMÁLAR

**ALMENNT:** Vanda skal frágang mannvirkja og umhverfi þeirra. Öllum frágangi skal lokið um leið og framkvæmdum lýkur. Mannvirkjum skal vel við haldið svo sómi sé að. Óheimilt er að láta mannvirki grotna niður þannig að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru. Öll geymsla lausamuna utandyra er óheimil á svæðinu.

**ÞJÓNUSTA:** Eldvarnareftirlit og slökkvilið er frá Brunavörnum Árnessýslu. Næsta slökkvistöð er í Árnesi. Sorphirða, losun rotþróa og snjómokstur er á vegum sveitarfélagsins samkvæmt reglum hverju sinni.

**VEITUR:** Vatnsveita liggur um svæðið að núverandi salernishúsi. Staðsetning vatnsbóls er merkt inn á yfirlitsmynd 1 samkvæmt upplýsingum úr skipulagi Búrfellsvirkjunar. Heimilt er að leggja nýja vatnsveitu inn á svæðið gerist þess þörf. Við lagningu neysluvatnslna verður fylgt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og reglugerð um neysluvatn 536/2001.

Rafstrengur liggur um svæðið að núverandi salernishúsi. Heimilt er að endurnýja strenginn gerist þess þörf. Möguleg staðsetning á spennitengiskáp er merkt á uppdraetti.

Frárennsli þjónustuhúss skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999 og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um minni fráveitur. Við staðsetningu rotþróar skal huga að því að aðgengi til tæmingar sé gott. Möguleg staðsetning er merkt á uppdraetti. Núverandi rotþró er merkt á uppdraetti.

**AÐKOMA:** Aðkoma að svæðinu er af Þjórsárdalsvegi (32) sem er stofnvegur samkvæmt vegskrá Vegagerðarinnar. Veghelgunarsvæði er 30 metrar frá miðlinu. Ný aðkoma að svæðinu er merkt á uppdraetti. Eldri aðkomuvegur verður að gönguleið á milli Búrfells og Þjóðveldisbæjarins.

Bílastæði gesta innan lóðamarka geta rúmað allt að 10 einkabílastæði (þar af tvö fyrir hreyfihamlaða) og um 3 stæði fyrir hópferðabíla. Aðkomuvegur og bílastæði skulu byggð upp til þess að bera að lágmarki 30 tonn.

Að svæðinu liggja vinsælar gönguleiðir (sjá yfirlitsmynd 4). Við gönguleiðir innan svæðisins er heimilt að koma fyrir borðum og bekkjum þar sem gestir geta tekið upp nesti og hvílt lúin bein.

Innan svæðisins er heimilt að koma upp áningahólfi fyrir hestahópa.

**MERKINGAR:** Heimilt er að setja upp upplýsingaskilti og vegpresta. Við hönnun merkinga skal hafa útfærnar leiðbeiningar um merkingar á ferðamannastöðum til hlíðsjónar (aðgengilegt á [www.godarleidir.is](http://www.godarleidir.is))

**LÓÐIR:** Tvær lóðir eru afmarkaðar innan svæðisins í samræmi við lóðablað sem dagsett er 01.02.2024. Staðföng lóðanna eru annars vegar **Þjóðveldisbær 1** (PB 1), lóð núverandi mannvirkja og hins vegar **Þjóðveldisbær 2** (PB2), lóð þjónustuhúss og bílastæða. Lóðirnar eru hvor um sig 10000 m<sup>2</sup> að stærð, réttur einn hektari.

Á lóð PB1 standa samkvæmt fasteignaskrá 145.6 m<sup>2</sup> sýningarsalur og 13.4 m<sup>2</sup> kirkja. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum í upprunalegri mynd.

Á lóð PB2 er afmarkaður byggingareitur. Innan byggingareitsins er heimild til byggingar allt að 150 m<sup>2</sup> húss sem þjónustar gesti. Um er að ræða hús þar sem gera má ráð fyrir salernum, greiðasölu og gistingu. Húsið skal hanna þannig að það verði lítt áberandi í landslagi og vera í jarðlítum. Mænishæð mest 5.5 metrar. Heimilt er að byggja pall innan reitsins þar sem gestir geta sest niður og upplifað feegurð svæðisins.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann \_\_\_\_\_

**TILLAGA**

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

### SKÝRINGAR


- Skipulagssvæði
- Lóðamörk
- Byggingareitur
- Mörk landslagsverndar
- Skipulagssvæði LV
- Minjafriðun
- Vegir
- Veghelgunarsvæði
- Gönguleið
- Reiðleið
- Hæðarlínur
- Lækur
- Hreinsivirki (rotþró)
- Rafveita
- Núverandi vatnsból
- Fyrirhugað þjónustuhús

Unnið ofan á upprétta hnitsetta loftmynd (tekna 2022) og fimm metra hæðalínugrunn frá Loftmyndum ehf. Deiliskipulagsgögn þau er hér eru birt eru deiliskipulagsuppdrauttur í mkv. 1:2000, yfirlitsmynd í kvarða 1:10000 sem sýnir nærumhverfi og aðkoma, yfirlitsmyndir úr aðalskipulagi sveitarfélagsins, rammaskipulagi svæðisins og friðlýsingu menningarlandslags, greinargerð og skilmálar um uppbyggingu svæðisins sem eru í samræmi við gildandi aðal- svæðis- og landsskipulagsstefnu, rammaskipulag, skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

UMSAGNARADILAR: Forsætisráðuneytið / Skeiða- og Gnúpverjahreppur / Minjastofnun Íslands / Umhverfisstofnun / Vegagerðin / Heilbrigðiseftirlit Suðurlands / Brunavarnir Árnessýslu / Landsvirkjun / Rarik / Ferðamálastofa / Skipulagsstofnun

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

FERÐAMANNASTAÐUR  
ÞJÓÐVELDISBÆRINN  
DEILISKIPULAG



Mælikvarði 1:2000 / 1: 10000 á A2

*Sigurður U. Sigurðsson*

15.02.2024

SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279